

## 6. fundur Landbúnaðarnefndar Hrunamannahrepps

6. fundur landbúnaðarnefndar Hrunamannahrepps var haldinn 29. október 2018 kl. 16.00 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps.

Nefndin mætti: Björgvin Ólafsson, Jóhanna Bríet Helgadóttir og Benedikt Kristinn Ólafsson, ásamt sveitarstjóra, Jóni G. Valgeirssyni.

Dagskrá fundarins var að fara yfir það sem snýr að fjármálum landbúnaðarnefndar. Sveitarstjóri fór yfir stöðu fjármála sem af er ári 2018. Hann kynnti jafnframt fjárhagsáætlun fyrir árið 2019.

Landbúnaðarnefnd óskar eftir meiri fjármunum í viðhald vega og girðinga á Hrunamannaafretti, má þar helst nefna:

1. Viðgerð á vegi frá Búrfelli að Svínárnesi.
2. Viðgerð á vegi fyrir framan Skyggnishóla, koma í veg fyrir utanvegaakstur.
3. Almennt viðhald á öðrum vegum verði gert tímanlega, áður en bændur reka á fjall.
4. Meiri endurnýjungar á afréttagirðingunni, til að koma í veg fyrir dýrt árlegt viðhald.

Nefndin óskar einnig eftir að halda fund með sveitarstjórn og umsjónarmönnum fjallaskála á Hrunamannaafretti.

Fundi slitið klukkan 17:20